

Ytra mat grunnskóla

# Öxarfjarðarskóli

Haustönn 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2019

ISBN 978-9979-0-2399-9

## Innihald

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Öxarfjarðarskóla.....	8
Niðurstöður .....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	12
2.1 Inntak og námskrá .....	12
2.2. Árangur náms .....	12
2.3 Gæði kennslu .....	13
2.4 Skipulag náms.....	14
2.5 Námsvitund .....	15
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	15
Þáttur 3 – Innra mat .....	17
3.1 Skipulag.....	17
3.2 Framkvæmd.....	17
3.3 Umbætur .....	17

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Öxarfjarðarskóla í Norðurþingi sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú fyrirfram ákveðnir matsþættir; *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

#### Styrkleikar

- Nemendahópur Öxarfjarðarskóla er fjölbreytilegur og endurspeglar sýn skólans áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Skólustjóri kynnir skólann m.a. með greinaskrifum og birtar eru jákvæðar fréttir af skólastarfinu á heimasíðu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Mikið flæði er á milli leik- og grunnskóladeilda skólans og reglulegt samstarf er við Grunnskólann á Raufarhöfn og Tónlistarskólann á Húsavík.
- Samskiptabók fer á milli heimila og skóla þar sem foreldrar og kennarar skrá lestur nemandans og annað það sem bæði heimili og skóli þurfa að vita.
- Samstarf við björgunarsveitina á staðnum og atvinnuþema á vorin.
- Viðburðir yfir skólaárið sem eru vel sóttir af foreldrum og öðrum úr samfélaginu s.s. árshátíð og vorfagnaður.
- Stofnað hefur verið umhverfisráð í skólanum sem í eru starfsmenn skólans og fulltrúar nemenda.
- Starfsfólk skólans er sáttt við daglegt skipulag og finna að þeim er treyst til að leiða verkefni.
- Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði og kennarafundir einnig.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Foreldrar og nemendur komu að gerð skólareglna og eru þær sýnilegar á veggjum skólans.
- Stjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Starfsmannasáttmáli, sem starfsfólk kom sér saman um, er hluti skólanámskrár.

#### Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá vantar áætlanir og markmið um nám og kennslu og innra mat.
- Nýta heimasíðu mun betur til að upplýsa um skólastarfið, m.a. með því að gera efni skólanámskrár aðgengilegra.
- Uppfæra starfsáætlun skólans með kennsluáætlunum og viðfangsefnum innra mats.
- Skólinn setji sér einkunnarorð og kalli alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að borðinu til þess.
- Skrá verklag um það hvernig gögn um árangur og líðan nemenda, s.s. kannanir og skimanir eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.
- Skapa kennurum aðstæður og tíma til ígrundunar og gagnrýnnar samræðu um fagleg mál og starfshætti.
- Kennarar fái reglulega endurgjöf á störf sín með heimsóknum skólustjóra og/eða með jafningjamati.
- Skólaráð starfi í samræmi við reglugerð, fundi reglulega og birti fundargerðir á heimasíðu skólans.
- Halda fundargerðir um framgang þróunarverkefna og skrá ábyrgðaraðila þeirra.
- Leggja meiri áherslu á reglulega heilsuefningu starfsmanna.

## Páttur 2 – Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Skólinn er með heildstæða skólastefnu, þar sem lögð er áhersla á að nemendur geti lokið námi og tómstunda- og frístundastarfi áður en þeir yfirgefa skólann á daginn.
- Unnin hefur verið læsisstefna ásamt metnaðarfullri námskrá í lestri.
- Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig stuðningi við einstaka nemanda er háttað.
- Nemendur eru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Mikið er um fjölbreytta kennsluhætti.
- Námsmat byggist að miklu leyti á símati.
- Val í útivistarskóla í samstarfi við björgunarsveitina er til fyrirmyndar.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Bekkjarfundir eru haldnir reglulega.
- Dagbækur sem samskiptaleið milli heimilis og skóla reynast vel.
- Áhersla skólans á móðurmálskennslu allra nemenda er einstök.

### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf námsvísa í öllum námsgreinum.
- Vinna þarf einstaklingsáætlun fyrir nemendur sem víkja frá almennri námskrá.
- Huga betur að skipulagi skráninga mats á árangri og framförum nemenda.
- Kennarar þyrftu að hafa skipulega samráðsfundi.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.
- Tengja námsmat við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.
- Setja nemendakönnun á árlegt skipulag skólastarfsins.

## Páttur 3 – Innra mat

### Styrkleikar

- Af umfjöllun skólanámskrár er ljóst að áhugi er fyrir innra mati og meðvitund um mikilvægi þess.
- Rafrænt skólamat, einkum um líðan og samskipti, hefur farið fram og á heimasíðu eru birtar niðurstöður þess frá fyrri árum.
- Í skólanum er unnið að ýmsum umbótum sem ekki byggja á formlegu innra mati en bera með sér að mikill vilji er til þess að bæta skólastarfið.

### Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að fram fari ígrundun meðal starfsmanna skólans um val á matsþáttum og að þeir byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.
- Skilgreina þarf þau markmið sem stefnt er að í hverjum matsþætti.
- Tryggja að hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats s.s. með umfjöllun skólaráðs.
- Vinna þarf áætlun um innra mat fyrir skólaárið og birta í starfsáætlun skólans.

- Í skólanámskrá þarf að vera langtímaáætlun um innra mat sem endurspeglar að helstu þætti skólastarfsins verði metnir.
- Vinna árlega umbótaáætlana þar sem fram koma þau atriði sem umbóta þarfnast, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.
- Skipa þarf matsteymi vegna innra mats og tryggja aðkomu hagsmunaaðila skólastarfsins t.d. með fulltrúa í matsteymi eða með aðkomu skólaráðs.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli skóla.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Öxarfjarðarskóla

Öxarfjarðarskóli er í Lundi, Öxarfirði, í sveitarfélaginu Norðurþingi. Skólinn varð til árið 2000, en þá voru Grunnskólinn á Kópaskeri og Grunnskólinn í Lundi sameinaðir undir einn skólastjóra ásamt leikskóladeildum á hvorum stað. Árið 2009 var starfsemi grunnskólans síðan sameinuð í Lundi. Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og eru leikskóladeildir bæði í Lundi og á Kópaskeri. Skólahverfið er mjög víðfemt, en það spannar svæðið frá Raufarhöfn að Lóni í Kelduhverfi.

Í skólanum eru 30 grunnskólanemendur skólaárið 2019-2020 og er þeim kennt í þremur aldursblönduðum hópum. Kennsla fer fram frá kl. 8:20 til 15:50 alla virka daga nema föstudaga, þá lýkur skóla kl 12:00. Kennt er í klukkutíma lotum. Um lengda viðveru er að ræða hjá yngsta stigi og miðstigi þar sem félagsstarf og vinnustofur taka við auk þess sem þau geta fengið aðstoð við heimanám. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og samkennsluhópum er:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	5	4	3	1	3	2	4	1	3	4
Samkennsluhópar	1.-3. bekkur 12 nemendur			4.-7. bekkur 10 nemendur			8.-10. bekkur 8 nemendur			

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eru samtals 13. Þriðjungur nemenda skólans er af erlendum uppruna. Einu sinni í viku koma nemendur Grunnskólans á Raufarhöfn í verk- og listgreinar í Öxarfjarðarskóla. Kennarar frá Tónlistarskóla Húsavíkur koma í skólann tvo daga í viku.

Starfsmenn grunnskóladeildar Öxarfjarðarskóla eru 13. Skólastjóri, sem er jafnframt skólastjóri leikskóladeildanna, er í einni stöðu. Kennarar eru sjö í 5,6 stöðum, þar af eru fjórir kennarar í fullri stöðu. Einn þeirra er aðstoðarskólastjóri. Matráðar eru tveir í 1,8 stöðu, en þeir eru einnig með leikskóladeildina í Lundi á sinni könnu, og skólaliðar og stuðningsfulltrúar eru þrír í 2,8 stöðuhlutfalli. Kennarar hafa fjölbreyttan bakgrunn og menntun og eru almennt vel menntaðir. Sérstaða skólans felst meðal annars í því hve hátt hlutfall kennara er af erlendum uppruna, þrír núna og sá fjórði er í fæðingarorlofi. Þeir tala almennt mjög góða íslensku. Félags- og skólabjónusta Þingeyinga sér um sérhæfða þjónustu við skólann.

Engar kennslustundir hafa fallið niður á skólaárinu



# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Nemendahópur Öxarfjarðarskóla er fjölbreytilegur og endurspeglar sýn skólans, sem fram kemur í skólanámskrá, áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Stjórnendur sjá til þess að stefnan skili sér í daglegu starfi með nemendum. Skólanámskrá er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár að mörgu leyti. Í hana vantar þó áætlanir og markmið um nám og kennslu. Starfsáætlun er ekki uppfærð og í hana vantar m.a. kennsluáætlanir og viðfangsefni innra mats.

Stjórnendur leggja áherslu á hið jákvæða í skólastarfinu og skólastjóri hefur lagt sig fram um að kynna skólann, m.a. með greinaskrifum og að birta jákvæðar fréttir af skólastarfinu á heimasíðu. Skólastjóri vinnur með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumörkun og ákvarðanatöku.

Heimasíða er með fremur takmarkaðar upplýsingar um skólastarfið og eru sóknarfæri í því fyrir skólann að bæta þar úr. Einnig að ydda betur gildi skólans og setja sér einkunnarorð.

### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Endurmenntunaráætlun 2019-2020 endurspeglar nokkur verkefni sem skólinn er að takast á við og innleiða s.s. uppeldisstefnuna Jákvæður agi og Byrjendalæsi. Skólinn er með metnaðarfulla lestrarstefnu og vel útfærða námskrá í lestri fyrir 1.-10. bekk. Þá hefur verið lögð áhersla á regluleg námskeið um varnir gegn einelti.

Leggja þyrfti meiri áherslu á formlegt samstarf kennara um fagleg málefni og að þeir taki tíma til ígrundunar og gagnrýnnar samræðu um starfshætti.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í fámennu samfélagi, eins og skólahverfi Öxarfjarðarskóla, er hátt hlutfall íbúa í vinnu í skólanum eða tengist honum óbeint. Samskiptin eru því oft óformleg. Foreldrafélag er starfandi við skólann sem styður við félagslíf nemenda og eru samskipti félagsins við skólann góð. Fundargerðir félagsins eru ekki á heimasíðu. Önnur samskipti við foreldra eru einkum með tölvupósti og samskiptabók sem fer á milli heimila og skóla og þar skrá foreldrar og kennarar lestur nemandans og annað það sem báðir þurfa að vita. Foreldrafundur er á haustönn og foreldrasamtöl, sem haldin eru eftir hefðbundinn kennsludag, eru á haust- og vorönn. Skólastjóri reynir einnig að nýta skólasetningu og skólaslit til að koma upplýsingum á framfæri við foreldra og til að minna á sameiginlega ábyrgð skóla og foreldra á velferð barnanna.

Mikið flæði er á milli leik- og grunnskóla og reglulegt samstarf er við Grunnskólann á Raufarhöfn og Tónlistarskólann á Húsavík. Samsöngur er einu sinni í viku og þá safnast nemendur leik- og grunnskóla og kennarar saman í gryfju til að syngja. Samsöngur er í umsjá kennara Tónlistaskóla Húsavíkur. Á vorin er svokallað atvinnuþema í gangi þar sem nemendur í elstu bekkjum grunnskólans fara ýmist til að

aðstoða við sauðburð eða í önnur atvinnufyrirtæki í samfélaginu og fá að kynna sér starfsemi þeirra. Einnig er samstarf við björgunarsveitina á staðnum mikilvægur þáttur í starfi og þroska elstu nemenda skólans. Í skólanum eru ýmsir viðburðir yfir skólaárið sem eru vel sóttir af foreldrum og öðrum úr samfélaginu, s.s. árshátíð og vorfagnaður.

Skólaráð hefur starfað slitrótt og þyrfti bæði að virkja það betur sem og að leitað verði skipulegar eftir viðhorfum grenndarsamfélagsins og þátttöku við ákvarðanir um skólastarfið.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólinn hefur verið að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæðan aga og Byrjendalæsi er sú hugmyndafræði sem lögð hefur verið til grundvallar í lestrarkennslu. Starfsfólki er tryggð viðeigandi starfsþróun og þessar áherslur koma m.a. fram í endurmenntunaráætlun skólans.

Stofnað hefur verið umhverfisráð í skólanum sem í eru starfsmenn skólans og fulltrúar nemenda. Markmið umhverfisráðs er að vinna að umhverfisstefnu fyrir skólann og hrinda henni í framkvæmd. Þá er stefnt að því að efla iðn-, verk- og tæknimennt, m.a. í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga skólaárið 2019-2020. Starfsmenn finna að þeim er treyst til að leiða verkefni en mikilvægt er að skrá framgang þróunarverkefna. Einnig þyrfti að vera til skráð verklag um það hvernig gögn um árangur og líðan nemenda, s.s. kannanir og skimanir, eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennslustundafjölda sem og vikulegan kennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Ýmsar upplýsingar um skólastarfið og stefnur skólans eru finnanlegar á heimasíðu en hægt væri að nýta heimasíðu skólans mun betur og skipulegar til að koma upplýsingum um skólastarfið á framfæri við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.

Starfsfólk skólans er sáttt við daglegt skipulag að því er fram kom í rýnihópi. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði og kennarafundir einnig. Skólastjóri leysir ágreiningsmál ef upp koma og styðst þá m.a. við reglur sveitarfélagsins. Foreldrar og nemendur komu að gerð skólareglna og eru þær sýnilegar á veggjum skólans. Auk þess hafa samkennsluhópar gert sér bekkjarreglur. Nemendum eru kynnt öryggismál, þ.m.t. netöryggi. Forvarnaráætlanir eru í skólanámskrá.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Fyrir nokkrum árum gerðu starfsmenn með sér starfsmannasáttmála sem er hluti skólanámskrár. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar og kynntar viðkomandi. Nýir starfsmenn og kennarar fá stuðning og skólastjóri leggur sig fram um að vera til staðar fyrir allt starfsfólk. Starfsmenn telja sig fá hrós þegar við á. Kennarar fá hvatningu en ekki reglulega endurgjöf á störf sín frá skólastjóra, en í rýnihópi þeirra kom fram að það gæti verið gagnlegt og þá líka jafningjamat. Starfsþróunarsamtöl eru árleg.

#### 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla sig í starfi, m.a. með því að lesa ritgerðir, sitja námskeið með starfsfólki skólans og eiga fundi með öðrum skólastjórum. Skólastjóri hlúir að starfsþróun starfsfólks eins og kostur er en það getur verið flókið fyrir starfsfólk fámenns skóla sem liggur afskekkt að sinna endurmenntun sinni. Starfsfólki finnst það njóta trausts til að leiða verkefni í skólanum. Á skortir að upplýsingar um verkefni og ábyrgðaraðila þeirra séu skráð og aðgengileg t.d. á heimasíðu skólans.

Fram kom á rýnifundi kennara að þeir telja að skólastjóri sé duglegur að benda þeim á þegar hætta sé á að þeir ofkeyri sig með vinnu. Skólinn stendur þó ekki fyrir reglulegri heilsuefningu starfsmanna. Öxarfjarðarskóli hefur tekið þátt í Samtökum fámennra skóla og fram kemur í endurmenntunaráætlun skólans að áhersla er á að kennarar sækji námskeið um kennslufræði samkenntu árganga.

#### Styrkleikar

- Nemendahópur Öxarfjarðarskóla er fjölbreytilegur og endurspeglar sýn skólans áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Skólastjóri kynnir skólann m.a. með greinaskrifum og birtar eru jákvæðar fréttir af skólastarfinu á heimasíðu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Mikið flæði er á milli leik- og grunnskóladeilda skólans og reglulegt samstarf er við Grunnskólann á Raufarhöfn og Tónlistarskólann á Húsavík.
- Samskiptabók fer á milli heimila og skóla þar sem foreldrar og kennarar skrá lestur nemandans og annað það sem bæði heimili og skóli þurfa að vita.
- Samstarf við björgunarsveitina á staðnum og atvinnuþema á vorin.
- Viðburðir yfir skólaárið sem eru vel sóttir af foreldrum og öðrum úr samfélaginu s.s. árshátíð og vorfagnaður.
- Stofnað hefur verið umhverfisráð í skólanum sem í eru starfsmenn skólans og fulltrúar nemenda.
- Starfsfólk skólans er sáttt við daglegt skipulag og finna að þeim er treyst til að leiða verkefni.
- Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði og kennarafundir einnig.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Foreldrar og nemendur komu að gerð skólareglna og eru þær sýnilegar á veggjum skólans.
- Stjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Starfsmannasáttmáli sem starfsfólk kom sér saman um er hluti skólanámskrár.

#### Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá vantar áætlanir og markmið um nám og kenntu og innra mat.
- Nýta heimasíðu mun betur til að upplýsa um skólastarfið, m.a. með því að gera efni skólanámskrár aðgengilegra.
- Uppfæra starfsáætlun skólans með kennsluáætlunum og viðfangsefnum innra mats.
- Skólinn setji sér einkunnarorð og kalli alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að borðinu til þess.
- Skrá verklag um það hvernig gögn um árangur og líðan nemenda, s.s. kannanir og skimanir eru nýtt í skipulagi kenntu til að efla árangur.
- Skapa kennurum aðstæður og tíma til ígrundunar og gagnrýnnar samræðu um fagleg mál og starfshætti.
- Kennarar fái reglulega endurgjöf á störf sín með heimsóknum skólastjóra og/eða með jafningjamati.
- Skólaráð starfi í samræmi við reglugerð, fundi reglulega og birti fundargerðir á heimasíðu skólans.
- Halda fundargerðir um framgang þróunarverkefna og skrá ábyrgðaraðila þeirra..
- Leggja áherslu á reglulega heilsuefningu starfsmanna.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólaárið 2008-2009 hóf Öxarfjarðarskóli þróunarstarf með heildstæða skólastefnu, þar sem lögð var áhersla á að nemendur gætu lokið námi og tómtunda- og frístundastarfi áður en þeir yfirgæfu skólann á daginn. Skólastefna Norðurþings er frá árinu 2012 og var hún meðal annars unnin uppúr hugmyndum frá foreldrum, stjórnendum, kennurum og nemendum í Norðurþingi með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá. Í skólanámskrá eða *Stóra vísí*, eins og almennur hluti skólanámskrárinnar er kallaður í Öxarfjarðarskóla, er tekið mið af skólastefnu sveitarfélagsins og áherslum stjórnvalda. Þar er grunnþáttum menntunar gerð skil. Mikil áhersla er lögð á læsi í Öxarfjarðarskóla og tekur Læsisstefna skólans mið af áherslum stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að efla læsi. Með læsisstefnunni fylgir metnaðarfull námskrá í lestri. Námsvísar námsgreina hafa ekki verið endurskoðaðir í nokkur ár og eru nú að sögn skólastjóra í vinnslu í samvinnu við ráðgjafa skólans. Endurskoða þarf námsvísa námsgreina árlega og kynna fyrir foreldrum og nemendum og hvetja þá til að nýta sér þær í skólastarfinu. Kennsluáætlanir sem matsmenn fengu á vettvangi endurspeglu áherslur stjórnvalda og þar er gjarnan komið inn á hvernig stuðningi við einstaka nemendur er háttáð innan námshóps. Stefna skólans hefur verið að haga sér- og stuðningskennslu með þeim hætti að hún falli sem best saman við almenna kennslu og að sérkennslan verði ekki til að einangra nemendur. Þessi áhersla skólans er mjög sýnileg í skólastarfinu þar sem stuðningur er fjölbreyttur. Matsmenn sáu nemendur vinna verkefni á mismunandi hátt og á mismunandi stöðum eftir þörfum. Gera þyrfti einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem víkja mjög frá almennri námskrá. Nemendur með íslensku sem annað tungumál fá kennslu á sínu móðurmáli í skólanum þar sem því verður við komið og fara nemendur þá úr almennum kennslustundum.

### 2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa en huga þyrfti betur að skipulagi skráninga. Þá er unnið úr niðurstöðum námsmats og annars mats til að auka framfarir en að sögn kennara er það ekki gert á formlegum fundum og mætti formgera það betur. Námsmat í Öxarfjarðarskóla byggist að miklu leyti á símati, að meta vinnu og frammistöðu nemandans í náminu jafnt og þétt og gera honum þannig grein fyrir stöðu sinni jafnóðum. Þá er lagt mat á verkefni, vinnubrögð, ástundun, skilning, verkþæfni og virkni í umræðum sem og útkomu úr skyndiprófum og könnunum. Í vettvangsathugun var greinilegt að fjölbreytt símat var nemendum tamt, sérstaklega hjá mið og unglíngastigi. Endurskoðun og samræming matsaðferða er eitt þeirra umbótaverkefna sem skólinn hyggst taka fyrir á næstu misserum. Við endurskoðun er bent á að gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá og viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilþæfni, hafa það skráð og öllum aðgengilegt.

## Samræmd könnunarpróf

Hér er samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir uppsafnað meðaltal.

### 4. bekkur

Árangur í íslensku og stærðfærði er almennt yfir landsmeðaltali þegar horft er til undanfarinna ára og oft verulega yfir meðaltali.

### 7. bekkur

Mikill árgangamunur er á árangri í íslensku og stærðfræði í 7. bekk. Þegar litið er á meðalárangur til langs tíma er árangur skólans um landsmeðaltal.

### 9. bekkur

Frá árinu 2017 hafa samræmd könnunarpróf verið haldin í 9. bekk í stað 10 bekkjar. Árangur er undir landsmeðaltali en hefur eflst milli 2017 og 2019.

### 10. bekkur

Árangur í 10. bekk var yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði þegar litið er á uppsafnað meðaltal fyrir 2014-2017. Árangurinn í ensku var heldur lakari og mældist undir meðaltali.


## Lesferill

Öxarfjarðarskóli notast við matstækið Lesferil þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Myndir af lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu. Meðaltal lesinna orða nemenda var í kringum landsmeðaltal.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 10 kennslustundum, hjá öllum námshópum og öllum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Kennarar sýndu almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni. Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum en lögð er áhersla á samkennslu árganga þar sem einungis eru 3 námshópar í skólanum, 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Skólinn vinnur með uppeldisstefnuna Jákvæður agi sem má sjá á veggjum skólans og í samskiptum. Þá er stuðst við Byrjendalæsi á yngsta stigi og var það mjög sýnilegt í vettvangsathugun.

Mikið var um blandaða kennsluhætti eða í um helmingi kennslustunda þar sem kennari kynnti viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu á mismunandi vegu svo sem með lausnaleit eða samvinnunámi. Í um þriðjungu kennslustunda var kennari einungis leiðbeinandi og nemandinn í forgrunni þar sem kennslustundir voru skipulagðar þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hafa bein áhrif á framvindu eigin náms. Í 20% kennslustunda var kennari fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum, hugtökum og unnið í vinnubókum.




Skipulag kennslu og verkefna var gott og námstími nemenda vel nýttur, markmið kennslu og verkefna er skráð í kennsluáætlunum og í sumum þeirra var gerð grein fyrir tengingu við aðalnámskrá. Nemendum var í upphafi kennslustunda gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna og fengust við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms en tengja þarf námsmat við hæfniviðmið aðalnámskrár. Í kennsluáætlunum sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda en það var einnig mjög sýnilegt á vettvangi.

## 2.4 Skipulag náms

Skólahúsnæði í Öxarfjarðarskóla er mörgu leyti hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Þó mætti bæta sundaðstöðu í skólanum sem er komin til ára sinna. Kennarar vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum svo sem í Byrjendalæsi á yngsta stigi og náttúrufræði og myndmennt á mið- og unglingsstigi. Bæta mætti skipulag vegna faglegra samráðsfunda til að ná fram meiri samvinnu kennara. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu og séð er til þess að námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis og nýta nemendur upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt í kennslustofunni við að afla sér þekkingar og leikni. Nemendur nýta námsumhverfið á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms og hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum. Samvinna og samstarf nemenda er þjálfað í námi og kennslu og var það nemendum auðsýnilega tamt. Grenndarsamfélagið er nýtt í skólastarfi og til dæmis er samstarf grunnskólans við björgunarsveitina til fyrirmyndar. Þar er nemendum í unglingsáætlun boðið uppá val í útivistarskóla. Lögð er áhersla á gott samstarf heimilis og skóla í skólanámskrá og á reglulegum fundum er foreldrum gerð grein fyrir stöðu barna sinna og áherslum í námi. Í Öxarfjarðarskóla hafa allir nemendur dagbækur í töskum sínum sem er nokkurskonar skilaboðaskjóða milli heimilis og skóla. Þær eru nýttar til að koma daglega skilaboðum á milli og hefur reynst vel að mati allra sem rætt var við.

Í vettvangsathugun kom fram að nemendur vinna í 50% kennslustunda í einstaklingsvinnu en í 40% í blöndu af einstaklingsvinnu og samvinnu. Í 10% kennslustunda voru nemendur í markvissri samvinnu við aðra nemendur alla kennslustundina.



## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum og eru áhugasvið og margvíslegir hæfileikar þeirra sýnilegir í verkefnum. Þeir fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla þekkingar og leikni í námi. Þeir hafa kost á velja sér námsaðferðir eða námsstíl, í stigvaxandi mæli og það var vel sýnilegt á unglingsstigi. Nemendum er að einhverju marki kennt að setja sér markmið í námi en mætti leggja meiri áherslu á það almennt í skólastarfinu og hafa þá og foreldra með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.

Skólaárið 2019-2020 eru nemendur í 8. -10. bekk með 110 mínútur á viku skilgreindar sem val í stundatöflu og stendur þá valið um 6 námsgreinar; tónmennt, leikskóla, smíðar, skák, heimilisfræði og björgunarsveitarstarf. Björgunarsveitarval er kennt að hluta utan stundatöflu þar sem farið er í lengri ferðir og gist. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs og haldnir eru reglulegir bekkjarfundir. Þá hafa nemendur fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í könnun á líðan og námi almennt en nokkur ár eru síðan það var gert með formlegum hætti. Hvatt er til þess að setja slíka könnun á árlegt skipulag skólans og veita nemendum og foreldrum upplýsingar um niðurstöður og fá þá til samstarfs um umbætur.

### Styrkleikar

- Skólinn er með heildstæða skólastefnu, þar sem lögð er áhersla á að nemendur geti lokið námi, tólmstunda- og frístundastarfi áður en þeir yfirgefa skólann á daginn.
- Unnin hefur verið læsisstefna ásamt metnaðarfullri námskrá í lestri.
- Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig stuðningi við einstaka nemaendur er háttað.
- Nemendur eru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Mikið er um fjölbreytta kennsluhætti.

- Námsmat byggist að miklu leyti á símati.
- Val í útivistarskóla í samstarfi við björgunarsveitina er til fyrirmyndar.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Haldnir eru reglulega bekkjarfundir.
- Dagbækur sem samskiptaleið milli heimilis og skóla reynast vel.
- Áhersla skólans á móðurmálskennslu allra nemenda er einstök.

#### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf námsvísa í öllum námsgreinum.
- Vinna þarf einstaklingsáætlun fyrir nemendur sem víkja frá almenntri námskrá.
- Huga betur að skipulagi skráninga mats á árangri og framförum nemenda.
- Kennarar þyrftu að hafa skipulega samráðsfundi.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.
- Tengja námsmat við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.
- Setja nemendakönnun á árlegt skipulag skólastarfsins.



## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Í skólanámskrá er kafli um mat á skólastarfi 2019-2020. Þar er vísað í lög og reglur um mat á skólastarfi og einnig kemur fram að rafrænt skólamat Sifjar Vígbórsdóttur og Valdimars Helgasonar sé eitt af þeim tækjum sem skólinn hafi yfir að ráða til innra mats. Af lestri skólanámskrár er ljóst að áhugi er fyrir innra mati og meðvitund um mikilvægi þess. Þar er þó ekki að finna áætlun um innra mat fyrir skólaárið og langtímaáætlun, sem endurspeglar að helstu þætti skólastarfsins verði metnir, liggur ekki fyrir. Ráðgjafi á vegum skólaþjónustu hefur lagt upp nokkurra ára plan um mat á þeim þáttum sem ytra mat Menntamálastofnunar tekur til. Ekki kemur fram hvernig það verði gert, hvernig gagnaöflun verði háttað eða hver muni bera ábyrgð á því mati.

### 3.2 Framkvæmd

Rafrænt skólamat, einkum um líðan og samskipti, hefur farið fram og á heimasíðu eru birtar niðurstöður frá fyrri árum, það nýjasta frá 2016. Greinargerðir fylgja ekki með um það hvort og þá hvernig unnið var með niðurstöður. Matsteymi vegna innra mats er ekki starfandi við skólann. Mat fer fram á námi, framförum og árangri nemenda, þó ekki skipulega og er ekki skráð. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki skipulega fram.

Innra mat er sjálfsmat og mikilvægt er að fram fari ígrundun meðal starfsmanna skólans um val á matsþáttum og að þeir byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum. Þá er mikilvægt að skilgreind séu þau markmið sem stefnt er að í hverjum matsþætti og að hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

### 3.3 Umbætur

Í skólanámskrá eru birtar „Hugmyndir að umbótaverkefnum 2019-2020“. Þar eru listuð upp ýmis mikilvæg og metnaðarfull verkefni s.s. hvernig ætti að skerpa kennslufræðilegar áherslur, skilgreina framtíðarsýn á skólastarfið og vinna að námsmatsstefnu skólans. Ekki er ljóst á hvaða vinnu þessar tillögur byggja og þær eru ekki tímasettar, ekki sett fram markmið um árangur né hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra eða hvernig þeim verður fylgt eftir.

Í skólanum er eigi að síður unnið að ýmsum umbótum sem ekki byggja á formlegu innra mati og eins og áður nefndur listi ber með sér er mikill vilji til þess að bæta skólastarfið.

#### Styrkleikar

- Af umfjöllun skólanámskrár er ljóst að áhugi er fyrir innra mati og meðvitund um mikilvægi þess.
- Rafrænt skólamat, einkum um líðan og samskipti, hefur farið fram og á heimasíðu eru birtar niðurstöður þess frá fyrri árum.
- Í skólanum er unnið að ýmsum umbótum sem ekki byggja á formlegu innra mati en bera með sér að mikill vilji er til þess að bæta skólastarfið.

#### Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að fram fari ígrundun meðal starfsmanna skólans um val á matsþáttum og að þeir byggi á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.
- Skilgreina þarf þau markmið sem stefnt er að í hverjum matsþætti.
- Tryggja að hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats s.s. með umfjöllun skólaráðs.
- Vinna þarf áætlun um innra mat fyrir skólaárið og birta í starfsáætlun skólans.
- Í skólanámskrá þarf að vera langtímaáætlun um innra mat sem endurspeglar að helstu þætti skólastarfsins verði metnir.
- Vinna árlega umbótaáætlunar þar sem fram koma þau atriði sem umbóta þarfnast, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.
- Skipa þarf matsteymi vegna innra mats og tryggja aðkomu hagsmunaaðila skólastarfsins t.d. með fulltrúa í matsteymi eða með aðkomu skólaráðs.